Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

19. árg. 2010 2. tbl.

80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands

Gróðurstörf í Garðabæ

Sumarfjör við Hvaleyrarvatn

Námskeið um landslagsaðlögun skóga

70 ára afmæli Skógræktarfélags Siglufjarðar

Skógardagur í Hamrahlíð

Minningarsjóður um Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else stofnaður

Líf og fjör hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Nýja útkeyrsluvélin

Tré ársins 2010

Jólatré og greinar fá nýtt hlutverk á útmánuðum

Græna bylgjan - alþjóðleg gróðursetning skólabarna

Heiðmörk 60 ára

Skógarferð til Færeyja

Lumar þú á upplýsingum um tré?

Góðir gestir frá Noregi

Sveppabókin

Formaður Norska skógræktarfélagsins í heimsókn

Brunar á skógarsvæðum

Svipmyndir af vettvangi skógræktarfélaganna

Skógarferð til Skotlands 2011

Ráðstefna til heiðurs Alexander Robertson

Laufblaðið rafvæðist

Gróðurvinir Háskóla Íslands

Tækifæriskort 2010

80 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands

Skógræktarfélag Íslands hélt upp á 80 ára afmæli félagsins í Stekkjargjá á Þingvöllum, en þar var félagið stofnað á Alþingishátíðinni 27. júní 1930

Formleg dagskrá hófst með því að séra Gunnþór Ingason, prestur á sviði þjóðmenningar, leiddi gesti frá Furulundinum upp í Stekkjargjá, þar sem skógfræðingurinn Alexander Robertson tók á móti hópnum með sekkjapípuleik. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, bauð fundargesti velkomna og séra Gunnþór flutti bæn og blessun. Magnús hélt svo ávarp og á eftir honum kom upp í pontu Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra. Sigurður Pálsson skáld flutti svo ljóðabálk með sex ljóðum, saminn sérstaklega af þessu tilefni. Inn á milli ávarpa söng svo Karlakór Hreppamanna, undir stjórn Edit Molár, vel valin lög. Formlegri dagskrá lauk svo með því að Alexander leiddi gesti aftur til baka í Furulundinn, þar sem boðið var upp á skógarkaffi.

Tókst hátíðin mjög vel, þótt veðurguðirnir væru aðeins að stríða fundargestum, með allt frá sólskini yfir í rigningu. Á annað hundrað manns mættu á hátíðina – fundargestir af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem lauk stuttu fyrr á Selfossi, sendiherrar og fulltrúar frá sendiráðum Bretlands, Kanada, Kína, Noregs og Rússlands, auk annarra góðra gesta – og nutu hátíðarinnar.

Það er venja á stórafmælum að líta um öxl, fara yfir það sem „afmælisbarnið“ hefur gert og hverjar aðstæður voru við „fæðingu“ þess. Á þeim 80 árum sem Skógræktarfélag Íslands hefur starfað hefur margt breyst í umhverfi skógræktar. Mikil reynsla og þekking á trjám, gróðri og skógum er nú fyrir hendi, sem enn átti eftir að afla við stofnun félagsins. Ný sjónarmið – til dæmis útivistar og lýðheilsu – hafa komið fram á sjónarsviðið. Breytingar í búsetu og búskaparháttum hafa losað land til skógræktar, sem erfitt eða ómögulegt var að fá á fyrstu árum og áratugum félagsins. Skógurinn hefur hækkað og stækkað, þótt hægt fari og enn eigi hann langt í land í að ná fyrri útbreiðslu. Annað hefur minna breyst. Hugsjónir þeirra er á Þingvöllum stóðu fyrir áttatíu árum á stofnfundi félagsins bærast enn í brjóstum þeirra sem fetuðu í fótspor stofnfélaganna. Koma þær skýrt fram í ræðu Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra á stofnfundinum í Almannagjá þann 27. júní 1930:

En ég er sannfærður um að ef vér með einlægum vilja og þrautseigju vinnum að þessu starfi, þá verður landið klætt að nýju og sá skrúði verður veglegri en hann hefir nokkru sinni verið. Fötin hennar fóstru vorrar eru slitin. Þau er hægt að bæta eða láta hana hafa nýjan skrúða. Fósturmoldin geymir enn ógn öll af næringarefnum, sem geta veitt gróðri jarðarinnar lífskraft, svo að hann verði fegri og kraftmeiri en nokkru sinni áður. Vér höfum aðeins eyðilagt ysta hjúpinn. Fósturmoldin geymir efni, margfalt verðmeiri en klæðnaðurinn var.

Þekking sú og öfl, sem vér nú ráðum yfir, gerir oss mögulegt að nota þessi auðæfi beint og óbeint. Grátum því eigi hvarf skóganna, en klæðum landið á ný og hagnýtum oss öll þau gæði, sem fósturjörðin hefur að bjóða.

Margt hefur áunnist á áttatíu árum. Enn standa þó mörg verk eftir, enn eru stór svæði landsins sem vantar sinn „skrúða“ og því nóg að starfa að næstu áttatíu árin.

Óskar Þór Sigurðsson tekur við blómvendi í tilefni þess að hann var gerður að heiðursfélaga úr hendi Magnúsar Gunnarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands (Mynd: BJ).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands

75. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Hótel Selfossi dagana 27.-29. ágúst 2010. Skógræktarfélag Árnesinga var gestgjafi fundarins að þessu sinni. Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna, alls staðar af landinu, og tókst fundurinn vel.

Að venju hófst fundurinn á föstudagsmorgni með ávörpum og hefðbundnum aðalfundarstörfum, en eftir hádegið var haldið í vettvangsferð, sem hófst á göngu í Tryggvagarð, þar sem afhjúpaður var bautasteinn til minningar um Tryggva Gunnarsson. Því næst var haldið að Snæfoksstöðum í Grímsnesi, skógræktarsvæði Skógræktarfélags Árnesinga. Þar var farið í skoðunarferð um skóginn, sem lauk með afhjúpun þriggja bautasteina. Einnig var Óskar Þór Sigurðsson, fyrrverandi formaður félagsins, gerður að heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands við þetta tækifæri. Vettvangsferðinni lauk svo með skógarveislu í skjólinu í skóginum.

Á laugardagsmorgun hófst dagskrá á fræðsluerindum, en eftir hádegið var svo haldið í vettvangsferð í Hellisskóg, skógræktarsvæði Skógræktarfélags Selfoss, en það er deild í Skógræktarfélagi Árnesinga. Nutu fundargestir skógarins í sól og blíðu veðri. Dagskrá laugardagsins lauk svo með hátíðarkvöldverði og kvöldvöku í boði Skógræktarfélags Árnesinga, undir styrkri stjórn veislustjórans Guðna Ágústssonar.

Á sunnudeginum tóku svo við hefðbundin aðalfundarstörf – afgreiðsla reikninga, tillagna og kosning stjórnar, en fundi lauk um hádegi.

Fundargestir njóta veðurblíðunnar í Hellisskógi (Mynd: RF).

Áburðargjöf í Sandahlíð. Áburður settur í holu við hverja plöntu (Mynd: Einar Jónsson).

Gróðurstörf í Garðabæ

Eitt af þeim bæjarfélögum þar sem ráðist var í atvinnuátaksverkefni í sumar var Garðabær, en þar unnu á annað hundrað ungmenna við umhirðu og ræktun á helstu útivistarsvæðum Garðabæjar. Meðal verkefna var lagning og viðhald göngustíga og girðinga, hefting lúpínu, ruslahreinsun, og ýmis gróðurumhirða, svo sem áburðargjöf, þökulagning og gróðursetning.

Eitt það markverðasta má telja lagningu nýs stígs í Smalaholti, er tengist stíg sem lagður var í fyrrasumar, og er með því komin góð hringleið um skógræktarsvæðið. Einnig var lagður nýr stígur um Hlíðarhorn vestan í Vífilsstaðahlíð og er með því búið að tengja hlíðina við friðlandið við Vífilsstaðavatn, en bæði svæðin eru mjög vinsæl til útivistar. Mikil áhersla var lögð á heftingu lúpínu í friðlandinu og á svæðum Skógræktarfélagsins, til þess að hindra frekari útbreiðslu hennar, auk þess sem hún var klippt frá lágvöxnum trjáplöntum til að bæta samkeppnisstöðu þeirra.

Nánar má fræðast um vinnuna á vef Skógræktarfélags Garðabæjar (www.skoggb.is).

Sumarfjör við Hvaleyrarvatn

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur um langt árabil haldið Skógar- og útivistardag fjölskyldunnar í júlímánuði og hafa skapast fastmótaðar hefðir í kringum hann. Að þessu sinni varð laugardagurinn 17. júlí fyrir valinu og notuðu margir tækifærið til að njóta þess sem var í boði í Höfðaskógi, við Hvaleyrarvatn og í Hestamiðstöð Íshesta.

Dagskráin hófst eins og vanalega á látlausri helgistund í Bænalundi í Höfðaskógi þar sem séra Guðbjörg Jóhannesdóttir flutti hugvekju sem tengdist mannlífi og náttúru á hrífandi hátt. Að henni lokinni fór fullorðna fólkið í gönguferð undir leiðsögn Jónatans Garðarssonar, formanns skógræktarfélagsins. Yngra fólkið fór í skemmtilegan spurningaleik um fugla skógarins sem Steinar Björgvinsson stjórnaði. Vann Hanna Jóna Sigurjónsdóttir fyrstu verðlaun og hlaut að launum fallegar skógarplöntur frá Gróðrarstöðinni Þöll. Börnunum stóð einnig til boða að líta í heimsókn í Hestamiðstöð Íshesta við hliðina á Höfðaskógi og fara þar á hestbak. Starfsmenn sem sinna Íþrótta- og tómstundamálum á vegum Hafnarfjarðarbæjar sáu til þess að nóg var að gera við Hvaleyrarvatn. Þar gat fólk farið í sólbað og svamlað í vatninu og margir tóku með sér grillmat og fengu sér eitthvað í gogginn

Hanna Jóna Sigurjónsdóttir tekur við verðlaunum úr hendi Steinars Björgvinssonar (Mynd: Árni Þórólfsson).

við bæjarskálann vestan við vatnið en þar sáu tónlistarmenn um að lífga upp á andrúmsloftið, farið var í leiki og margt annað gert til skemmtunar. Að venju var boðið upp á kaffiveitingar í Selinu, bækistæð Skógræktarfélagsins við Kaldárselsveg og var glatt á hjalla fram undir kvöld. Blíðskaparveður var allan daginn, sólskin og logn og fór hitinn upp undir 20 gráður.

Laufblaðið

Fréttablað, 19. árgangur 2. tölublað 2010.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2010:
Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:
Gísli Eiríksson
Páll Ingþór Kristinsson
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:
Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn Þorsteinsson
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Allir lesa Laufblaðið!

Depill, tilfallandi móttökustjóri hjá Skógræktarfélagi Íslands, gluggar oft í Laufblaðið á milli þess sem hann heilsar gestum á skrifstofu félagsins. Skemmtilegastar finnast honum fréttir af dýrum og fólki á ferð í skógum skógræktarfélaganna.

Lesendur eru hér með hvattir til að senda inn skemmtilegar myndir undir þessari fyrirsögn. Ekki er farið í manngreinarálit með fyrirsætur, heldur er æskilegt að þær séu sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárprýði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

HÚSASMIÐJAN www.husa.is
PÓKASJÓÐUR
TOYOTA
blómaval heillandi heimur
já
AVANT
olís OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

Námskeið um landslagsaðlögun skóga

Norðurlandsskógar stóðu fyrir námskeiði um aðlögun skóga að landslagi dagana 5.-7. maí. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Simon Bell, sem er þekktur sérfræðingur á þessu sviði, en hann er prófessor og yfirmaður landslagsarkitektúrdeildar stofnunar landbúnaðar og umhverfisvísinda við Lífvísindaháskóla Eistlands (Estonian University of Life Sciences), auk þess að vera yfir OPENspace rannsóknasetrinu við Listaháskóla Edinborgar (Edinburgh College of Art).

Voru þátttakendur frá hinum ýmsu aðilum sem koma að gerð skógræktaráætlana – Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Skógráði ehf., Landbúnaðarháskóla Íslands og landshlutabundnum skógræktarverkefnum. Skiptist námskeiðið í fyrirlestra og verklegar æfingar, þar sem megin æfingin fólst í því að skoðaður var raunverulegur ferhyrndur skógarreitur og fengu þátttakendur að spreyta sig á því að laga reitinn að landslaginu og hanna stækkun á skóginum í framhaldinu. Var námskeiðið mjög áhugavert og fræðandi og tókst vel til og á það örugglega eftir að skila sér í fagurlega hönnuðum skógum hérlendis í framtíðinni.

Simon Bell fer yfir hönnun og hugmyndir þátttakenda (Mynd: RF).

Siglfirðingar létu ekki smá rigningarúða hindra sig í að fjölmenna í afmælishátíðina í Skarðdalsskógi (Mynd: BJ).

70 ára afmæli Skógræktarfélags Siglufjarðar

Þann 18. júní hélt Skógræktarfélag Siglufjarðar upp á 70 ára afmæli félagsins í Skarðdalsskógi. Á þriðja hundrað manns lagði leið sína í fallegt rjóður við Leynisá þar sem samkoman fór fram með pompi og prakt - kaffiveitingum, tónlist og ræðuhöldum í tilefni dagsins. Kristrún Halldórsdóttir, formaður félagsins, ávarpaði samkomuna og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands flutti hvatningarræðu og skoraði á bæjarbúa að leggja félaginu lið. Þá flutti Ingvar Erlingsson, forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar, félaginu árnaðaróskir og færði því peningastyrk frá Fjallabyggð.

Öll umgjörð við hátíðina var til fyrirmyndar, meðal annars voru trén í skógarjaðrinum skreytt og komið fyrir snotru veitingatjaldi sem kom sér vel í rigningar-ýringnum. Á liðnu ári var unnið að mikilli grisjun í skóginum og lagðir nýir stígar víða um hann. Siglfirðingar geta með sanni verið stoltir af nyrsta skógi landsins en hann er ein mesta perla Siglufjarðar og sannarlega þess virði fyrir aðkomufólk að koma þar við og njóta náttúrunnar.

Kristrún Halldórsdóttir, formaður Skógræktarfélags Siglufjarðar, flytur ávarp (Mynd: BJ).

Fagurlega skreytt tré í tilefni afmælisins (Mynd: BJ).

Rauðhetta kynnir fyrsta listaverkið fyrir gestum á skógardegi (Mynd: RF).

Skógardagur í Hamrahlíð

Í tilefni 80 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands hélt Skógræktarfélag Mosfellsbæjar skógardag laugardaginn 12. júní. Þar var listasýning í skóginum, á listaverkum sem 5-6 ára börn í leikskólum Mosfellsbæjar unnu. Byrjaði dagskráin á því að Rauðhetta leiddi gesti í gönguferð um skóginn, þar sem listaverkin voru sýnd og mátti þar sjá margt áhugavert og frumlegt. Að göngu lokinni var boðið upp á grillaðar pylsur, ketilkaffi og heimalagaðan rabarbara- og kerfilssafa og runnu veitingarnar ljúflega niður. Skógarálfur var líka á staðnum og kenndi börnunum að búa til og skjóta af boga. Að sjálfsögðu var svo líka sungið og trallað við varðeld. Þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ákveðið að nota einmitt þennan dag til að vökva aðeins nutu allir skógarverunnar og tókst dagurinn vel, enda gott skjól fyrir bæði vindi og rigningu undir trjánum í skóginum.

Óli „finnski“ skógarvörður á nýju vélinni (Mynd: Sigurður Einar Þorsteinsson).

Nýja útkeyrsluvélin

Útkeyrsluvélar eru notaðar til að flytja trjáboli út úr skógi, en hingað til hefur verið notast við traktorsspil og traktorsvagna þegar það er gert. Útkeyrsluvélinni fylgir mikill vinnusparnaður, auk þess sem hún fer betur með skógarbotninn og nær að fara á staði þar sem traktor kemst ekki að. Kostur við notkun vélarinnar í grisjun er sá að allt efni sem er tekið fer beint á vagninn og næst því hreint, en við útdrátt með traktor og spili verður viðurinn oftast óhreinni (sandur, mold) og erfiðari að vinna eftir á, svo sem til kurlunar eða flettingar.

Vélina er hægt að útbúa með sturtupalli sem hentar mjög vel í alla efnisflutninga - sand, mold og margt fleira, sem er mjög hentugt í stígagerð. Vélin er sænsk af gerðinni Alstor 8X8. Umboðsaðili vélarinnar er Garðheimar ehf. Hægt er að leigja vélina út í gegnum Tækjaleigu Garðheima.

Minningarsjóður um Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else stofnaður

Hjálmar R. Bárðarson, fyrrverandi siglingamálastjóri, ánafnaði Landgræðslusjóði 30% af eigum sínum, en hann lést 7. apríl 2009. Landgræðslusjóður og Landgræðsla ríkisins, sem erfði Hjálmar til jafns við Landgræðslusjóð, hafa stofnað minningarsjóð um Hjálmar og eiginkonu hans, Else S. Bárðarson.

Í erfðaskránni komu fram óskir Hjálmars um ráðstöfun á arfinum og óskaði hann eftir því að fénu yrði varið til landgræðsluskógræktar, „þar sem áður var lítt gróið bersvæði, ef til vill þar sem gróðursett lúpína hefur gert landsvæði vænlegt til skógræktar“, eins og þar segir.

Sjóðurinn fær í stofnfé 20 milljónir króna frá hvorum aðila og á að starfa í 10 ár. Er markmið hans að styrkja rannsóknaverkefni í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Styrkþegar geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og opinberir aðilar.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðum Landgræðslu ríkisins (www.land.is), Skógræktar ríkisins (www.skogur.is) og Skógræktarfélags Íslands (www.skog.is).

Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur (t.h.), tekur formlega við vélinni frá Kristian Laurell, forstjóra Alstor. Óli „finnski“ skógarvörður í Heiðmörk er á vélinni (Mynd: Sk. Rvk.).

Líf og fjör hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur

Það er mikið um að vera hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur um þessar mundir. Hinn árlegi Jólamarkaður á Elliðavatni opnaði 27. nóvember og er opinn allar helgar fram að jólum. Á Hlaðinu við bæinn eru seld jólatré og vörur frá um sjötíu handverksmönnum og hönnuðum. Sölufólkið kemur og fer og því alltaf eitthvað nýtt að sjá um hverja helgi. Einnig verður í boði harmonikkuleikur, kórsöngur, upplestur úr bókum fyrir yngri sem eldri á hverjum degi, varðeldur og leikir og hestar teymdir undir börnum á túninu neðan við bæinn, auk þess sem kaffihús er á staðnum.

Jólaskógurinn í Hjalladal opnar laugardaginn 11. desember og er opinn síðustu tvær helgar fyrir jól. Venju samkvæmt mætir borgarstjóri og velur og heggur fyrsta tréð. Fyrir þá sem treysta sér ekki í skógarhöggið er alltaf hægt að fá afsagað tré í bækistöð skógarvarðarins í Hjalladal, auk þess sem boðið er upp á kakó, piparkökur og varðeld með jólasveinum.

Að þessu sinni starfrækir Skógræktarfélagið einnig trjásölu í Kauptúni í Garðabæ (við hliðina á Bónus), þar sem hægt er að kaupa úrvals nýhöggvin íslensk tré á góðu verði. Jólatrjáasalan í Kauptúni opnaði 10. desember og verður opin alla daga fram að jólum.

Þá er þess að geta að í nóvember tók Skógræktarfélagið í notkun fyrstu sérhæfðu útkeyrsluvélina í skógi á landinu, en hingað til hefur verið notast við traktorsspil og traktorsvagna þegar trjábolir eru fluttir úr skógi.

Reykjavík
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Bókhaldsþjónusta Gunnars M sf, Ármúla 29
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eggert Kristjánsson hf, Sundagörðum 4
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Garðyrkjuþjónustan ehf, Skipholti 29b
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gestamóttakan ehf - Your Host
in Iceland, Þingholtsstræti 6
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Háskóli Íslands, við Suðurgötu
Íbúðargisting.is
sími: 892 6515, Síðumúla 14, 2. hæð
Ísgraf ehf, Laugavegi 13
Karl Eiríksson
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68
Lífland, Korngörðum 5
Loftstokkahreinsun.is
símar: - 567 0884, 893 3397,
Garðhúsum 6
Melabúðin ehf, Hagamel 39
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Raftíðni ehf, Grandagarður 16
Redken hárvörur, Kringlunni 7
Reykjavíkurborg/ Umhverfis- og
samgöngusvið, Ráðhúsinu
Samiðn, Borgartúni 30
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
Sláturfélag Suðurlands svf, Fosshálsi 1
Stimplagerðin ehf, Síðumúla 21
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Tjaldstæðið Laugardal,
sími 568-6944, reykjavikcampsite.is
Túnþökuþjónustan ehf
sími: 897 6651, Lindarvaði 2
TREX - Hópferðamiðstöðin, Hesthálsi 10
Tölvu- og tækniþjónustan ehf,
Grensásvegi 8
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
V.R., Kringlunni 7
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Kjalarnes
Esjustofa - Veitinga- og
þjónustumiðstöð, Esjuhlíðum
Ólafur Valberg Ólafsson -
Vélaleiga ehf, Melum

Kópavogur
Bílaþvottastöðin Löður ehf,
Eggja- og kjúklingabúið,
Elliðahvammi, Vatnsenda
Innviðir ehf sími: 564 3636,
Smiðjuvegi 36
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
MHG verslun, Akralind 4
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær
Engilbert ÓH Snorrason
tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
Garðyrkjustjóri Garðabæjar, Garðatorgi 7
Ísafoldarprentsmiðja ehf, Suðurhrauni 1
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Miklatorg hf - IKEA, Kauptúni 4
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður
Alexander Ólafsson ehf, Álfhellu 1
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð, Gullhellu 1
Hvalur hf Hafnarfirði
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
RST Net ehf, Álfhellu 6
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær
Aflbinding ehf, Kliftröð 5
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á
Suðurnesjum, Iðavöllum 12

Grindavík
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Grindavíkurbær, Víkurbraut 62

Mosfellsbær
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

Akranes
Pípulagningaþjónustan ehf
Ingi Hafsteins, Kalmansvöllum 4a
Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstöðum
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Sæmundur Sigmundsson ehf,
Brákarey

Stykkishólmur
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,
Aðalgötu 2

Hellissandur
Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Smiðjugötu 6

Ísafjörður
KNH ehf, Grænagarði
Útgerðarfélagið Kjölur ehf, Urðarvegi 37

Bolungarvík
Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21

Súðavík
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Patreksfjörður
Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Kjörvogur
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

Hvammstangi
Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21

Akureyri
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík
Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Laugar
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
sími 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn
Eldá ehf, Helluhrauni 15
Jarðböðin við Mývatn,
Jarðbaðshólum

Tré ársins 2010

Tré ársins 2010 er álmur (*Ulmus glabra*) við Heiðarveg 35 í Vestmannaeyjum. Útnefninguna fær álmurinn fyrst og fremst vegna sérstöðu sinnar þegar haft er í huga hvar á landinu tréð vex, en Vestmannaeyjar hafa lengst af ekki verið taldar með heppilegustu vaxtarsvæðum landsins og er í raun með ólíkindum að tréð hafi lifað af Heimaeyjargosið.

Tréð var formlega útnefnt við athöfn þann 10. september. Við athöfnina lék Lúðrasveit Vestmannaeyja nokkur lög og síðan tók Margrét Lilja Magnúsdóttir, varaformaður Skógræktarfélags Vestmannaeyja við. Sagði hún að það gæfi starfinu í Eyjum byr undir báða vængi að slík viðurkenning væri veitt í Eyjum. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands flutti stutt ávarp og veitti síðan eigendunum á Heiðarvegi 35 viðurkenningu af þessu tilefni, þeim Huldu Pétursdóttir og Sigurði Franz Þráinssyni. Þá flutti Páley Borgþórsdóttir, fulltrúi Vestmannaeyjabæjar, kveðju.

Tréð var síðan mælt hátt og lágt og reyndist vera 6,5 m að hæð. Meginstofnar voru sex og var þvermál og ummál þess stærsta mælt og var hann 17,5 cm í þvermál og 22,2 cm í ummál. Félagar úr lúðrasveitinni léku svo síðustu tóna þessarar athafnar.

Tré ársins 2010 (Mynd: BJ).

Jólatré og greinar fá nýtt hlutverk á útmánuðum

Margir garðeigendur kannast við það vandamál að sígrænir runnar eiga til að sviðna seinni part vetrar og fram á vor. Ein besta leiðin til að koma í veg fyrir þetta er að skýla og þekja sígræna runna með greinum af barrtrjám eða jafnvel heilum jólatrjám.

Hér má sjá sérstætt svalatré, rauðgreni þar sem margar greinar hafa myndað nokkur tré af sama stofni. Eftir þrettándann er það lagt yfir jarðlægan ývið sem ella myndi sviðna illa. Þegar vorið kemur og kuldaköst eru afstaðin er yfirbreiðslan fjarlægð og runninn kemur jafnan iðjagrænn undan (Mynd: EG).

Hér hylja greni og furugreinar jarðlægan sýprus (Mynd: EG).

Hér stendur lyngrós í skjóli sem gert er úr jólatrjám (Mynd: EG).

Röskir krakkar við gróðursetningu við Gufunesbæ í Reykjavík (Mynd: BJ)

Græna bylgjan – alþjóðleg gróðursetning skólabarna

Föstudaginn 21. maí efndu Skógræktarfélag Íslands, Yrkjusjóður – sjóður æskunnar til ræktunar landsins- og umhverfisráðuneytið til gróðursetningar undir hatti Grænu bylgjunnar (Green Wave). Græna bylgjan er alþjóðlegt verkefni sem Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika stendur fyrir árlega í tengslum við dag líffræðilegs fjölbreytileika 22. maí, en þann dag (eða næsta virka dag) gróðursetja börn um víða veröld tré og mynda þannig „Græna bylgju“ um allan heiminn.

Komu börn frá grunnskólum á öllu höfuðborgarsvæðinu saman innan síns sveitarfélags og settu niður trjáplöntur, en gróðursett var við Varmárskóla í Mosfellsbæ, við Gufunesbæ í Reykjavík, við Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi, við skógarreit við Tungu (rétt hjá Lindaskóla) í Kópavogi, á Smalaholti í Garðabæ, á Víðistaðatúni í Hafnarfirði og við Álftanesskóla á Álftanesi. Tókst þetta vel til og voru gróðursetjarar á öllum aldri, frá fyrsta upp í tíunda bekk, fyrir utan þá fullorðnu sem hjálpuðu til.

Fjölmennasti viðburðurinn var í Reykjavík, enda flestir skólar þar, og mættu þangað Vigdís Finnbogadóttir, fyrir hönd Yrkjusjóðs og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. Auk þess mættu nemar (fullorðnir) í Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna og tóku þátt í að gróðursetja með börnunum.

Gróðursetningin er á heimasíðu Grænu bylgjunnar: http://greenwave.cbd.int/node/7179hh.

Hjálpast að við að gróðursetja á Smalaholti í Garðabæ (Mynd: Einar Jónsson).

Jón Gnarr borgarstjóri gróðursetur myndarlegan hlyn með aðstoð yngstu kynslóðarinnar (Myn

Heiðmön

Dagana 19. til 27. júní hélt Skógræktarfélag Reykjavíkur afmælishátíð í Heiðmörk í tilefni af því að 60 ár eru nú liðin frá því útivistarsvæðið var formlega opnað almenningi og lagði fjöldi manna leið sína í Heiðmörkina þá viku.

Vikan hófst með gróðursetningu trjáa í Jólaskóginum í Hjalladal og var það hluti af verkefninu „Tré fyrir tré“, þar sem gróðursett var eitt tré fyrir hvert jólatré sem Gámaþjónustan hirti frá borgarbúum eftir síðustu jól. Meðal annars sem í boði var afmælisvikuna var námskeið Kristbjargar Kristmundsdóttur og Hildar Hákonardóttur um Jurtir úr skóginum, farnar voru kvöldgöngur með fræðslu um ýmislegt sem snýr að náttúrunni: Jakob Sigurðsson frá Fuglavernd kynnti fuglana við Elliðavatn, Helga Sigmundsdóttir var með sögugöngu á bökkum vatnsins og Jón Kristjánsson fiskifræðingur var með kynningu á lífríki vatnsins. Farið var í heimsókn til tveggja gamalla landnemafélaga, í reit Ferðafélags Íslands og síðan til Norðmanna að Þorgeirsstöðum. Auk þess var Ólafur Oddsson tálgumeistari með námskeið á Elliðavatni, sem hann kallaði Fjölskyldan tálgar í tré.

Föstudaginn 25. júní, þegar slétt 60 ár voru liðin frá formlegri opnun Heiðmerkur, var haldin ráðstefna um Heiðmörk í Gamla salnum á Elliðavatni. Rætt var um verðmætamat Heiðmerkur og skipulagsmál frá ýmsum hliðum auk þess sem samspil skóga og vatna voru umfjöllunarefni. Til stóð að halda útitónleika að kvöldi föstudags, en þeim var frestað um einn dag vegna veðurs og fóru fram í Dropanum, sem er rjóður inn af Furulundi, að kvöldi laugardags. Slegið var upp tjaldi og spiluðu Kría Brekkan, Steinar og Sanasol það kvöld við góðar undirtektir gesta.

Laugardaginn 26. júní var síðan afmælishátíð á Vígsluflötinni, þar sem Jón Gnarr borgarstjóri gróðursetti tré. Boðið var upp á rathlaup, leiki í skóginum, þrautabraut og tréskurðarlistamenn voru að störfum, einnig bauðst gestum að takast á við og lyfta þungum trjádrumbum úr skóginum, og margt fleira. Brasstríóið Masa lék undir á milli atriða og boðið var upp á veitingar. Veðrið upp á sitt besta, stillt og hlýtt, og óhætt að segja að Heiðmörkin hafi skartaði sínu fegursta þennan dag.

Afmælisvikunni lauk svo sunnudaginn 27. júní með ókeypis veiði í Elliðavatni á Veiðidegi Fjölskyldunnar.

d: BJ)

rk 60 ára



Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, flytur ávarp á Vígsluflöt, sem dregur einmitt nafn sitt af því að þar var Heiðmörk formlega vígð þann 25. júní 1950 (Mynd: BJ).

Ferðalangarnir skoða sig um í viðarlundinum Úti í Gröv, við Klakksvík (Mynd: BJ)

Skógarferð til Færeyja

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir ferð til Færeyja dagana 30. ágúst til 3. september. Flogið var til Þórshafnar og gert út þaðan um allar eyjar. Þótt Færeyjar séu kannski ekki þekktar fyrir skógrækt, þá á skógrækt sér þó aðeins lengri sögu þar heldur en hér á Íslandi og má finna hina snotrustu viðarlundi, eins og skógarteigarnir kallast upp á færeysku, á mörgum stöðum. Voru nokkrir þeirra heimsóttir, en auk þess kynntu ferðalangarnir sér ýmislegt tengt náttúrufari og sögu eyjanna. Fararstjórar í ferðinni voru Tróndur Leivsson, yfirskógarvörður í Færeyjum og Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

Litlir bæir í bröttum hlíðum eru mjög einkennandi fyrir Færeyjar. (Mynd: BJ).



Þeir sem hafa upplýsingar um þessi einstöku tré eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Böðvar hjá Skógræktarfélagi Árnesinga (boddi@skogur.is) eða Björn hjá Suðurlandsskógum (bjorn@sudskog.is).

Lumar þú á upplýsingum um tré?

Árið 1930 flutti Lorentz H. Müller verslunarmaður í Reykjavík til Íslands nokkur grenitré sem voru ætluð til gróðursetningar á Þingvöllum í tengslum við Alþingishátíðina. Ekki tókst betur til en svo að grenitrén drápust sem gróðursett voru á Þingvöllum, en nokkur tré úr sömu sendingu gróðursett í Hveragerði lifðu og hafa dafnað vel. Hæsta tréð er nú að nálgast 20 metra hæð. Þessi sitkagrenitré standa við Hverahlíð 9 í Hveragerði og eru að öllum líkindum elstu grenitré á Suðurlandi. Nánari upplýsingar vantar um uppruna og gróðursetningu trjánna.

Góðir gestir frá Noregi

Starfsmenn skógarstjórna Þelamerkur og Austur-Agder í Noregi sóttu Ísland heim í byrjun sumars. Ferðuðust þeir um Suður- og Vesturland undir leiðsögn Jóns Loftssonar skógræktarstjóra og var komið víða við. Þótt megin þema heimsóknarinnar hafi verið skógar og skógarmál mátti ekki láta hjá líða að sækja heim staði eins og Reykholt og Þingvelli, sem eru ekki síður helgir staðir í hugum Norðmanna. Gerð var víðreist um helstu skóga Borgarfjarðar og í uppsveitum Árnessýslu. Þá tók Skógræktarfélag Íslands á móti hópnum í Brynjudal og Vinaskógi. Í Vinaskógi gróðursetti fulltrúi Norðmanna vinatré ásamt Jóni Loftssyni og Aðalsteini Sigurgeirssyni, sem var fulltrúi stjórnar Skógræktarfélags Íslands við þetta tilefni. Mátti glöggt heyra að norsku gestirnir nutu ferðarinnar og hrifust af landi og vaxandi skógum. Skýrsla Norðmanna um ferðina er væntanleg innan tíðar.

Sveppabókin - Handbók um íslenska sveppi og sveppafræði

Helgi Hallgrímsson, náttúrufræðingur á Egilsstöðum, hefur síðan um 1990 unnið að bók um sveppi og kom hún út nú í haust. Í bókinni er farið yfir það helsta tengt sveppum hérlendis, meðal annars er fjallað um mat- og eitursveppi, ræktun matsveppa, sögu svepparannsókna hérlendis og fjölmörgum íslenskum tegundum lýst í máli og myndum. Sveppabókin er byggð á könnun og söfnun höfundar á íslenskum sveppum í 50 ár, auk rannsókna fjölmargra annarra fræðimanna í yfir eina öld.

Sveppir eru einn af grundvallarþáttum lífríkisins, en þá er næstum alls staðar að finna þar sem eitthvert líf þrífst. Þeir mynda svepprætur með blómplöntum og trjám og án þeirra væri skógrækt á Íslandi ekki möguleg. Sveppabókin er því skyldulesning allra sem áhuga hafa á ræktun trjáa! Nánar má kynna sér bókina á vef útgefanda – www.skrudda.is. Þess má geta að bókin er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðiverka.

Formaður Norska skógræktarfélagsins í heimsókn

Í tilefni af fagráðstefnu skógargeirans, sem haldin var í Stykkishólmi nú í vor, kom hingað til landsins Johan C. Löken , formaður Norska skógræktarfélagsins, en hann hélt erindi á ráðstefnunni. Hann gaf sér einnig tíma til að kynna sér starf Skógræktarfélags Íslands, auk þess sem hann heimsótti Heiðmörk og kynnti sér starfsemina þar. Landar hans í „Nordmannslaget“, félagi Norðmanna á Íslandi, tóku á móti honum í húsi félagsins þar, Þorgeirsstöðum. Johan hefur margoft komið til Íslands en þá sem embættismaður og fyrrum landbúnaðarráðherra í Noregi. Í kjölfar heimsóknarinnar var formanni og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands boðið til kynnisferðar í byrjun maí síðast liðinn til Noregs, þar sem þeir kynntu sér meðal annars starfsemi Norska skógræktarfélagsins, útivistarsvæðið „Oslomarka“ og helstu nýjungar í vistvænum byggingariðnaði, þar sem mikil áhersla er lögð á viðarafurðir.

Johan C. Löken með Magnúsi Gunnarssyni , formanni Skógræktarfélags Íslands, í Vinaskógi á Þingvöllum (Mynd: BJ).

Brunar á skógarsvæðum

Í síðasta tölublaði Laufblaðsins var fjallað um bruna á Sumargerði, sumarhúsi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar við Hafravatn í febrúar, en talið er að kveikt hafi verið í því. Því miður eru það ekki einu brunar sem urðu í skógarteigunum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins í vor og sumar.

Í lok mars brunnu fimm hektarar lands í ræktarlandi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í Seldal við Hvaleyrarvatn og er talið að um íkveikju sé að ræða. Var það einnig reyndin fyrir tveimur árum þegar áratuga starf fuðraði upp, eftir að kveikt var í sinu við Hvaleyrarvatnið, en talið er að alls hafi um 10 hektarar af gróður- og útivistarsvæði þá orðið eldinum að bráð. Ítarlega var fjallað um þá bruna í 2. tbl. Laufblaðsins 2008. Í júní var svo útikennslustofa, sem Selásskóli hefur komið upp í grenndarskógi sínum við Rauðavatn, nær gjöreyðilögð, þegar aðstaðan þar var skemmd og brennd, auk þess sem nokkur tré í kringum aðstöðuna brunnu.

Því miður eru slík skemmdarverk allt of algeng. Erfitt er að skilja þessa þörf fyrir að eyðileggja ára- eða áratugalangt starf sjálfboðaliða, sem hafa lagt ómældar vinnustundir í að rækta upp landið og koma upp aðstöðu til fræðslu og útivistar, samborgurum sínum til gagns og ánægju. Auk þess eru skógarsvæði hér við land hvorki svo stór né mörg að það teljist ekki tilfinnanlegt tjón að missa fleiri hektara þeirra í ösku á einu bretti. Þá er ótalin sú hætta sem svona misyndisverk skapa. Undanfarin tvö sumur hafa verið mjög hlý og þurr á SV-horninu, og reyndar víðar um land, og við slíkar aðstæður geta litlir eldar orðið að stóru báli á svipstundu, sem ógnað geta eignum og jafnvel lífi fólks. Það er því mikilvægt að reyna eftir bestu getu að stemma stigu við þessari íkveikju-ónáttúru og standa vel vörð um skógarreitina okkar.

Á brunasvæði í Seldal í mars. Þar sem áður var grænn gróður var eftir sviðin jörð (Mynd: Árni Þórólfsson).

Kópasker
Vökvaþjónusta Eyþórs ehf, Bakkagötu 6

Vopnafjörður
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Bílamálun Egilsstöðum ehf, Fagradalsbraut 21-23
Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf, Kirkjustíg 2

Neskaupstaður
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands, Miðvangi 2-4
Pálmi Þór Stefánsson, Hafnarbraut 1
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði
Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss
Bakkaverk ehf, Dverghólum 20
Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar, Dalbraut 1
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Grímsneshreppur og Grafningshreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg
Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2
Pípulagnir Helga ehf, Baugstjörn 17
S. G. Hús hf, Austurvegi 69
Ölur, skógræktarstöð Sólheimum Grímsnesi

Hveragerði
Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
www.hnlfi.is, Grænumörk 10

Hella
Vörufell ehf, Rangárbökkum 2

Hvolsvöllur
Búaðföng, Bakkakoti 1

Kirkjubæjarklaustur
Skaftárhreppur, Klausturvegi 15

Vestmannaeyjar
Bókasafn Vestmannaeyja, Safnahúsinu

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Selfossi þetta árið. Hér snæða fundargestir dýrindis skógarkrásir í skóginum að Snæfoksstöðum í Grímsnesi (Mynd: BJ).

Svipmyndir af vettvangi skógræktarfélaganna

Umfjöllun um skógrækt hefur tekið merkilegum breytingum samhliða þeim byltum sem hagkerfi landsins hefur orðið fyrir. Íslenskar skógarafurðir, sem áttu undir högg að sækja í samkeppni við innfluttar á þenslutímanum, eru allt í einu orðnar hinar eftirsóttustu, í kjölfar hækkunar og minna framboðs á þeim erlendu. Er nú svo komið að í fyrsta sinn í lengri tíma eru íslensk jólatré ódýrari en þau erlendu og íslenskur efniviður til jólaskreytinga rýkur út. Auk þess hefur áhugi almennings á íslenskum vörum aukist – ýmis konar handverk blómstrar um þessar mundir og á það einnig við afurðir úr íslenskum skógum. Enda skapar innlend framleiðsla atvinnu sem þörf er á nú á tímum.

Íslendingar horfa líka meira til ferðalaga innanlands nú – samkvæmt nýjustu tölum frá Ferðamálaráði ferðuðust níu af hverjum tíu landsmönnum innanlands og þar af tæplega helmingur innanlands eingöngu. Fyrir þau ferðalög hafa fjölbreyttir og skjólgóðir skógarnir alltaf verið vinsælir, alveg frá því fyrstu trén fóru að potast upp úr moldinni við upphaf skógræktar hérlendis. Reynslusögur herma líka að erlendum gestum fjölgi í skógum landsins, þótt engar tölur séu til um það enn.

Skógræktaraðilar hafa auðvitað fundið fyrir þeim samdrætti sem almennt hefur orðið í þjóðfélaginu. Tekjur og styrkir til skógræktar hafa minnkað og gert fjárhaginn að mörgu leyti erfiðari. En trén vaxa eftir sem áður og mynda mikilvæga framtíðarauðlind, auðlind sem fer að ná þeim þroska að geta orðið grundvöllur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi, ekki síst í hinum dreifðari byggðum landsins. Með jákvæðara viðhorfi til skógræktar og þess endurmats á þeim gæðum sem skógurinn er, sem vart hefur orðið á undanförnum misserum, verður framtíð skógræktar hér á landi að teljast björt, þrátt fyrir allt. Hér eru nokkrar svipmyndir af vettvangi skógræktarfélaganna árið 2010. Megi starfið vaxa og dafna á komandi árum, eins og trén.

Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands heimsóttu skógræktarsvæði Jóhanns Pálssonar í Keldnaholti, en þar er fjölbreyttur og fagur skógur (Mynd: RF).

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hélt skógardag í júní. Hér kennir „skógarálfur“ yngstu kynslóðinni að skjóta af boga (Mynd: RF).

Það voraði óvenju vel víða um land, sérstaklega á suðvesturhorninu, og blómstruðu því mörg tré vel og mikið. Sást þess vel merki á reynitrjám þegar haustaði, en þau voru með svo mikið af berjum að jafnvel nú í desember má enn víða sjá klasa á trjánum. Hér gæða skógarþröstur og svartþröstur sér á gómsætinu (Mynd: RF).

Formaður og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands heimsóttu Skógræktarfélag S-Þingeyinga í júlí. Hér eru gestgjafar og gestir í Fossselsskógi (Mynd: BJ).

Stjórnarmenn Skógræktarfélags Kópavogs og gestir skoða framtíðar landgræðslu- og skógræktarsvæði félagsins í Selfjalli (Mynd: BJ).

Skógræktarfélag Íslands hélt upp á 80 ára afmæli sitt á Þingvöllum í lok ágúst. Boðið var upp á hefðbundnar afmælisveitingar – flatkökur með hangikjöti, kleinur, ástarpunga og svo að sjálfsögðu hina girnilegustu afmælisköku (Mynd: BJ).

Skógræktarfélög stóðu fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Hér flytur séra Guðbjörg Jóhannesdóttir hugvekju í Bænalundi í Höfðaskógi, á Skógar- og útivistardegi fjölskyldunnar hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar (Mynd: Árni Þórólfsson).

Ný útkeyrsluvél Skógræktarfélags Reykjavíkur að störfum í jólaskógi Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði (Mynd: RF).

Alexander „Sandy“ Robertson bregður á leik við leiðsögn í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Nýfundnalands árið 2005 (Mynd: RF).

Skógarferð til Skotlands 2011

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund og er ferð ársins 2011 nú þegar í undirbúningi. Stefnan er tekin til Skotlands næsta haust, í september, undir dyggri leiðsögn Alexander „Sandy“ Robertson, sem er mörgu skógræktarfólki hérlendis að góðu kunnur.

Fyrirhugað er að fljúga til Glasgow og fara þaðan í um viku ferð um Hálöndin til að skoða skóga, sögustaði og náttúru og að sjálfsögðu að bragða á einni frægustu afurð Skota – viskíi! Meðal þess sem fyrirhugað er, er að heilsa upp á hið fræga skrímsli Nessie í Loch Ness, dagsferð í eyjuna Skye (sem er ein af Suðureyjum Skotlands), heimsækja grasagarðinn í Benmore, ýmsa kastala og að sjálfsögðu hinar margvíslegu gerðir skóga.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um ferðina um leið og þær liggja fyrir.

Alexander „Sandy“ Robertson (t.v.) við grunnlíkan sem nota má til að prófa mismunandi staðsetningar trjáa, skjólbelta og annarra mannvirkja (Mynd: RF).

Ráðstefna til heiðurs AlexanderRobertson

Laugardaginn 18. september var haldin ráðstefna til heiðurs skógfræðingnum og Íslandsvininum Alexander „Sandy“ Robertson, er bar heitið Þytur í laufi – Skógar og skjól í Esjuhlíðum. Að ráðstefnunni stóðu Skógræktarfélög Íslands, Reykjavíkur og Kjalarness, Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá, Landbúnaðarháskóli Íslands og Raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Ráðstefnustjóri var Símon Þorleifsson, formaður Skógræktarfélags Kjalarness. Á ráðstefnunni voru flutt fjögur erindi. Einar Gunnarsson, skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands, fjallaði um Esjuskóga, Haraldur Ólafsson, prófessor í veðurfræði við Háskóla Íslands, sagði frá vindum við Esjuna, Þorbergur Hjalti Jónsson, skógfræðingur á Mógilsá, fjallaði um storma og stöðug tré og Alexander Robertson var með erindi um að lesa í vind og skóga. Aðalsteinn Sigurgeirsson, skógerfðafræðingur á Mógilsá, sá svo um samantekt og umræður.

Auk erindis Sandys var sýnikennsla í áhrifum vinda, með notkun þurríss sem staðgengli vinds og vakti sú nálgun bæði mikla athygli og skemmtun. Sérstaklega var áhugavert að sjá strauma um líkan af Esju, sem Sandy hefur skorið út, en hann er hagur í útskurði.

Eftir umræður færði Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Sandy þakkir fyrir hönd þeirra er stóðu að ráðstefnunni, auk þess sem Aðalsteinn Sigurgeirsson sæmdi Sandy gullmerki Skógræktarfélags Reykjavíkur. Lauk ráðstefnunni svo með skoðunarferð um Esjuhlíðar.

Líkan af Esju prófað – áhrif norðanáttar (Mynd: RF).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

HotelSelfoss

Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is

VÍNBÚÐIN

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

SYTRA ehf

RESTAURANT Jómfrúin
EKTA DANSKT SMURBRAUÐ
SMØRREBRØD

FJALLALAMB
KÖPASKERI

Efnamóttakan hf

ÍSTAK

SÓLSKÓGAR ehf.
Akureyri, sími 462-2400 – Fljótsdalshéraði, sími 471-2410
netfang solskogar@simnet.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

FLOKKUN

já

Skógræktarfélag Borgarfjarðar
Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Túnþökusala Kristins ehf.
Fjölnisgötu 6i – 603 Akureyri
Sími: 893 9773

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

PRICEWATERHOUSECOOPERS

BYKO

ELÚÐA SVEPPIR

NÁTTHAGI GARÐPLÖNTUSTÖÐ

Barnahornið



Krakkar!

Hjálpið skógarbirninum að rata að tjaldinu sínu.



Gróðurvinir Háskóla Íslands

Á vordögum 2010 var stofnað til félagsskapar er kallar sig Gróðurvinir H.Í. Hugmyndin var að virkja stúdenta til verka og fá þá til að fegra og betrumbæta sitt nánasta umhverfi með auknum gróðri. Mikið er um bílastæði við Háskóla Íslands og fátt um skjól á veðrasömum dögum. Þessu vilja Gróðurvinir breyta og hafa þegar plantað í reit milli Öskju og Norræna hússins. Þar var áður sinufláki með litlum kíl. Nú hefur kíllinn verið dýpkaður og þar myndast dragtjörn. Kringum tjörnina hefur svo verið plantað ýmsum tegundum trjám og runna, svo sem sírenum, hafþyrni og birkikvisti, og einnig hávaxnari tegundum líkt og silfurreyni, ilmreyni og ilmbjörk, sem munu vonandi draga úr vindi þegar þær braggast. Plöntur fengust héðan og þaðan af háskólasvæðinu þar sem þurfti að fara grisja. Einnig voru sjálfsánar plöntur stungnar upp og nokkrir velviljaðir einstaklingar buðu plöntur úr görðum sínum. Styrkur til kaupa á gljámispli fékkst úr Stúdentasjóði og var honum plantað í kringum bogadregin beð sem næsta vor stendur til að planta í fjölærum blómum. Öll vinnan hefur verið í unnin í sjálfboðavinnu og í samráði við Garðyrkjustjóra H.Í, Pál Melsteð. Formaður félagsins, Jón Ásgeir Jónsson, segir ávinning aukins gróðurs margþættan. Meðal annars minnki hann svifryksmengun og hljóðmengun, hafi jákvæð áhrif á lýðheilsu, bindi kolefni og veiti skjól. Vonast hann til að hægt verði að framkvæma meira og háskólasvæðið verði grænna með tíð og tíma því blómlegt umhverfi stuðli að blómlegri menningu.

Svæðið sem tekið var til fyrstu gróðursetningar (Mynd: Jón Ásgeir Jónsson).

Laufblaðið rafvæðist

Laufblaðið hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það fyrst kom út árið 1992, en á þeim tíma var það prentað í svarthvítu og í A-4 broti. Síðar tók blaðið lit, varð grænt og stækkaði upp í dagblaðabrot, auk þess sem blaðsíðunum í því fjölgaði. Hefur það nú verið í sama broti í ein sex ár. Undanfarin ár hefur af og til komið upp sú umræða að gefa blaðið út á rafrænu formi og er nú búið að taka þá ákvörðun að „rafvæða“ Laufblaðið. Næsta Laufblað – vorblaðið 2011- verður því það síðasta sem kemur út á pappír.

Ýmsar ástæður liggja að baki þessari ákvörðun. Sá hópur fólks sem notar tölvuna til að lesa blöð og greinar fer sístækkandi og hafa því æ fleiri félagasamtök skipt yfir í rafræn fréttabréf. Rafrænt form gefur kost á miklu meiri sveigjanleika í útgáfu, bæði hvað tímasetningu og uppsetningu varðar. Laufblaðið hefur frá upphafi verið gefið út með þeim formerkjum að útgáfa þess standi undir sér, til að félagar í skógræktarfélögum fái það þeim að kostnaðarlausu, en að undanförnu hefur blaðinu verið sniðinn þröngur stakkur, vegna hækkunar kostnaðar og samdráttar í auglýsinga- og styrktartekjum.

Eru allir félagsmenn hvattir til að senda nafn og netfang til Skógræktarfélags Íslands (skog@skog.is) sem fyrst, til að tryggja að hið rafræna Laufblað skili sér til þeirra vandkvæðalaust.

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

Velkomin í Heiðmörk
og Kauptún Garðabæ

Jólamarkaðurinn á Elliðavatni
opnar laugardag 27. nóvember
opið allar helgar fram að jólum kl. 11-17

Íslensk jólatré, handverk og hönnun. Fallegar jólaskreytingar úr skógarefni. Jólasveinar heilsa upp á gesti. Rithöfundar lesa úr nýútkomnum bókum. Barnastund í Rjóðrinu, harmonikkuleikur og kórsöngur.

Jólaskógurinn í Hjalladal
opnar laugardag 11. desember
opinn tvær helgar fram að jólum kl. 11-16

Komið og höggvið eigið tré! Í boði eru úrvals íslensk jólatré. Einnig nýhöggvin tré á staðnum. Jólasveinar, kakó og piparkökur handa öllum!

Jólatrjáasalan í Kauptúni
opnar föstudag 10. desember
opin alla daga fram að jólum

Jólatrjáasalan í Kauptúni er við hliðina á Bónus í Kauptúni 3 í Garðabæ. Þar gefst kostur á að versla úrvals nýhöggvin íslensk tré á góðu verði.

Skógræktarfélag Reykjavíkur
heidmork.is